



Fasteignagjöld árið 2021

Gjalddagar eru níu á árinu: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október.

Ef ekki er greitt fyrir eindaga, sem er í lok mánaðar, reiknast dráttarvextir.

Gjöld eru lögð á fasteignir og lóðir samkvæmt eftirfarandi álagningarreglum og stuðlum:

Gjald	Íbúðir	Aðrar eignir
Fasteignaskattur	0,45%	1,32% / 1,65%
Lóðarleiga	3,75%	3,75%
Vatnsgjald	0,40%	0,50%
Fráveitugjald	0,40%	0,40%
Sorpgjald	63.863 kr.	Sjá gjaldskrá

Fasteignaskattur, vatnsgjald og fráveitugjald eru reiknuð út frá fasteignamati húss og fasteignamati lóðar.

Lóðarleiga er reiknuð út frá fasteignamati lóðar

Sorpgjald í þéttbýli er kr. 63.863 og skiptist gjaldið í kr. 21.730 fyrir sorphirðu, kr. 34.133 fyrir sorpeyðingu og kr. 8.000 fyrir blátunnu.

Sorpeyðingargjald kr. 24.805 er lagt á sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu.

Sorpkort: Hver íbúðareigandi fær afhent klippikort í Ráðhúsi Vesturbyggðar á Patreksfirði eða í áhaldahúsinu á Bíldudal fyrir 4m³ af sorpi til eyðingar á sorpmóttökustöðvum á Patreksfirði og Bíldudal.

Greiðsluseðlar eru ekki sendir með bréfpósti en birtast í heimabanka.

Elli- og örorkulífeyrisþegum undir tekjuviðmiðum er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi vegna íbúða þeirra til eigin nota. Afslátturinn er að hámarki **kr. 108.000**.

Kærufrestur álagningar fasteignagjalda er til 15. mars 2021.

Fyrir frekari upplýsingar vinsamlegast hafið samband við Ráðhús Vesturbyggðar að Aðalstræti 75 á Patreksfirði í síma 450 2300 eða á netfangið innheimta@vesturbyggd.is

Vesturbyggð, 1. febrúar 2021.
Bæjarstjórnin.



Reglur á árinu 2021 um niðurfellingu fasteignagjalda. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.

1. Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Vesturbyggð. Niðurfellingin er tekjutengd og miðuð við árstekjur 2019, sbr. Álagningu skattstjóra 2020 og tekur einungis til fasteignaskatts og fráveitugjalds.

2. Tekjuviðmiðun:

Einstaklingur			Hjón/Sambýlingar		
Tekjur	kr.	afsláttur	Tekjur	kr.	afsláttur
Allt að	3.975.000	100%	Allt að	5.520.000	100%
Allt að	5.014.000	70%	Allt að	7.020.000	70%

Hærri tekjur gefa engan afslátt. Afsláttur fá ellilífeyrisþegar fæddir 1951 og fyrr.

3. Ellilífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna á árinu 2020 og breytast fasteignagjöld ársins 2021 til samræmis við reglur í lið 2.
4. Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árána 2019 og 2020 hefur bæjarráð heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignagjalda, berist umsókn um slíkt.
5. Við fráfall maka ellilífeyrisþega skulu fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á og býr í falla niður að fullu fyrsta árið, þó að hámarki **kr. 108.000**.
6. Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignagjalda hjá öryrkjum með 75% örorku eða meiri.
7. **Hámarks afsláttur til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds er kr. 108.000.**

Vesturbyggð, 1. febrúar 2021.

Bæjarstjórinn.



Fasteignagjöld árið 2021

Styrkur vegna menningar-, björgunar-, eða íþróttastarfsemi.

Skilyrði styrkveitingar er að húsnæðið sé nýtt til starfsemi félagasamtaka er sinna menningarmálum, íþróttamálum og til björgunarsveita. Styrkur er einungis veittur til greiðslu *fasteignaskatts og fráveitugjalds*, að hámarki til hvers félags **kr. 108.000**. Styrkveiting miðast við áhugamannafélög sem ekki eru í atvinnustarfsemi.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, sem eru lóðarleiga, vatnsgjald og sorpgjald.

Af þeim hluta húsnæðisins sem leigt er út eða notað til að afla tekna skal greiða fasteignagjöld. Styrkveiting er háð því að félög skili inn ársreikningi vegna ársins 2020, upplýsingum um notkun og tekjur vegna leigu viðkomandi fasteignar og skili inn umsókn fyrir 1. júní 2021.

Ákvörðun um styrk til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds verður tekin í ljósi innsendra upplýsinga.

Vesturbyggð 1. febrúar 2021.

Bæjarstjórinn